

70. fundur

Fundur haldinn í skipulags- og byggingarnefnd 11. júní 2005, kl. 10:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mætt voru: Gretar D. Pálsson, Guðmundur Kristinsson, Þorgrímur Kristinsson, Þorbergur Bæringsson, Emil Guðbjörnsson, Helgi B. Haraldsson og Bjarnfríður Vilhjálmsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stjórnaði.

Dagskrá.

1. Óli Jón Gunnarsson sækir um leyfi fyrir hönd Stykkishólmsbæjar til a byggja leikskóla við Búðanesveg Stykkishólmi smkv. teikn. dags. 26.05.05. samtals 556.3 m², 2150.4 m³.

Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.

2-3. Pétur Kristinsson sækir um lóðir fyrir um 10 til 20 smáhýsi í tengslum við tjaldsvæði samkvæmt bréfi vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar. Olafur Guðmundsson og Páll Vignir Þorbergsson sækja um landsvæði fyrir smáhúsabyggð við Langás samkvæmt bréfi dags. 13. maí 2005. Erindum var frestað á fundi 18. maí.

Tekið er jákvætt í hugmyndir en óskað er eftir að umsækjendur geri nánari grein fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi.

4. Hótel Stykkishólmur /Pétur Geirsson sækir um að bæta við 4. og 5. hæðunum ofan á viðbyggingu við hótél Borgarbraut 8 samkvæmt teikningum eftir Teiknistofu Vesturlands/ Páll Björgvinsson dags. 6.05.2005. Samtals 873.4 m², 2987.4 m³.

Framlagðar teikningar samþykktar með fyrirvara um áritun Brunamálastofnunar. Gjöld samtals kr.

5. Gunnar Jónsson Bókhöðustíg 15 spyr fyrir um að staðsetja fjárhús við nýrækt samkvæmt yfirlitsmynd. Erindi frestað á fundi 18. maí. Umsögn frá Ræktunarfélagi Stykkishólms liggur fyrir.

Tekið er jákvætt í erindið.

6. Skipavík ehf. óska eftir tveimur lóðum við Tjarnarhólma til að byggja parhús samkvæmt bréfi dags. 17. maí 05. Erindi vísað af bæjarráði, til skipulags- og byggingarnefndar, til nánari skoðunar.

Nefndin leggur til að svæðið sem afmarkast af Aðalgötu, Tjarnarhólma, Tjarnarás verði deiliskipulagt og lóðir verði ekki til úthlutunar fyrr en því er lokið.

7. Sjávarorka ehf / Baldur Gíslason óskar eftir að við endurskoðun á Aðalskipulagi Stykkishólms verði gert ráð fyrir neðansjávarvirkjun, samanber bréf dags. 20. maí 05. Erindi vísað af bæjarráði til skipulags- og byggingarnefndar til skoðunar.

Erindi vísað í endurskoðum á aðalskipulagi.

8. Lagt fram bréf dags 20. maí 2005 frá Messíönu Tómasdóttur og Pétri Knútssyni um mögulega lóð undir hús þeirra Aðalgötu 19 sem gert er ráð fyrir að víki samkvæmt skipulagi.

Bréf lagt fram og kynnt.

9. Ólafur J. Guðmundsson og Hrafnhildur Skúladóttir sækja um að klæða hús með timburklæðningu og setja nýjan sólpall sbr. bréf og teikn. dags. 1. júní 2005.

Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-

10. Jón Halldór Gunnarsson og Sigrún Guðmundsdóttir sækja um leyfi til breytinga á lóðarskipulagi Skólastígs nr. 7, samkv. bréfi og teikn dags. 28. maí, 2005.

Lið 2 er hafnað. Sorpgeymsla skal vera innan lóðarmarka. Liður 12 er samþykktur með fyrirvara um lóðarmörk. Að öðru leyti er erindið samþykkt. Gjöld samtals kr. 3000.-

11. Bréf frá Brunavörnum Stykkishólms og nágrennis/ Einari Strand sem gerir grein fyrir vöntun á búnaði til að ráða við eld í 5 hæða byggingum.

Erindi lagt fram og kynnt.

12. Skipavík ehf sækir um leyfi til að byggja verslunarhúsnæði við Aðalgötu sbr. teikn. frá Sigurjóni Jónssyni dags. 1.06.05. Samtals 624.2 m², 2.677,5 m³.

Útlit húss og staðsetning í samræmi við skilmála. Að öðru leyti er vísað til athugasemda byggingarfulltrúa. Gjöld samtals kr.

13. Skipavík ehf. sækir um að byggja fjögur parhús með átta íbúðum að Tjarnarási 2,4,6,8,10,12,14 og 16. Samtals 1.029.6 m², 4.004.8 m³. (128.7m², 500.6m³ hver íbúð).

Erindi samþykkt. Gjöld samtals kr.

14. Önnur mál.

14.a Formaður lagði fram til kynningar á mögulegri uppbyggingu við Aðalgötu, vestan við bensínstöð, samkvæmt tillögum frá Þorgrími Kristinssyni unnar af Bæring Bjarnari Jónssyni.

Erindi lagt fram til kynningar og tillögur ræddar.

14.b Emil Guðbjörnsson vakti máls á aðstöðuleysi Svæðisskrifstofu fatlaðra og hvort ekki sværi hægt að skapa aðstöðu í hinum nýja leikskóla.

14.c. Vakið er máls á ruslagámum við hús og eldhættu sem af því skapast.

14.d. Skipulags- og byggingarnefnd ítrekar að brýn þörf er á að leysa geymslusvæði fyrir gáma og þess háttar.

14.e. Rætt var um umferðarmerkingar almennt í bænum.

Fleira var ekki rætt. Fundi slitið kl. 12:00.

Guðmundur Kristinsson (sign)
Þorgrímur Kristinsson (sign)
Emil Þór Guðbjörnsson (sign)
Helgi Haraldsson (sign)
Gretar D. Pálsson (sign)
Bjarnfríður Vilhjálmstöttir (sign)